

Mánudaginn 16. janúar 1961.

Nr. 212/1959. Þórður Halldórsson (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Guðmundi H. Oddssyni og

Helga Benediktssyni

og gagnsök (Gísli Ísleifsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sjóslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1959 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Þá hefur hann og fengið novaleyfi hinn 11. janúar 1961, sem heimilar honum að bera fram nýjar kröfur og ný skjöl og skilríki fyrir Hæstarétti. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 191.548.94 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og af kr. 191.548.94 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa: Að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 154.178.07 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 30. janúar 1954 til 30. janúar 1959 og af kr. 154.178.07 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Um framangreinda kröfugerð aðaláfrýjanda skal þetta tekið fram:

Hin nýja krafa um hækkun á vöxtum, sem aðaláfrýjandi hefur borið fram hér fyrir dómi, er gerð samkvæmt 31. gr. laga nr. 4/1960 og tilkynningum Seðlabanka Íslands um

vaxtabreytingar frá 21. febrúar 1960 og 28. desember sama ár.

Gagnáfrýjendur voru eigendur v/s Odds, þegar atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið. Krafa aðaláfrýjanda er á því reist, að skipshöfn v/s Odds hafi með vanrækslu í starfi átt sök á heilsutjóni hans. Slikar tjónbótakröfur ábyrgjast útgerðarmenn skipa ekki með öllum eigum, heldur aðeins með skipi og farmgjaldi samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Kröfugerð aðaláfrýjanda í héraði var og við þetta miðuð, enda krafðist hann þar sjóveðréttar í v/s Oddi til tryggingar kröfum sínum, sbr. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna. Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst, að v/s Oddur hafi verið metinn óbætandi og strikaður af skipaskrá hinn 15. nóvember 1957. Krefst aðaláfrýjandi þess nú, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða dómkröfurnar persónulega in solidum án takmörkunar á aðfararandlagi samkvæmt 13. gr. siglingalaganna. Af hálfu gagnáfrýjenda hefur verið lýst yfir því, að þeir séu því samþykkir, að greiðsluskylda verði, ef til kemur, dæmd á hendur þeim persónulega án takmörkunar á aðfararandlagi, svo sem aðaláfrýjandi gerir nú kröfu til, enda hafi váttryggingarfélag það, sem v/s Oddur var tryggður hjá, tekizt á hendur ábyrgð á greiðslu tjónbóta til handa aðaláfrýjanda samkvæmt endanlegum dómi í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. desember 1959. Krefjast þeir þess *aðallega*, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfufjárhæðir verði færðar niður eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn, þar á meðal vottorð Gunnars Guðmundssonar læknis, dags. 25. nóvember 1960. Kveður læknirinn aðaláfrýjanda hafa verið hjá sér til rannsóknar hinn 22. sama mánaðar. Í vottorðinu segir meðal annars:

„*Álit*: Hin obj. einkenni sjúklings benda ekki á vefrænan taugasjúkdóm, nema e. t. v. e-ð af húðskynsbreytingum á

fótum svo og skyntruflunin á vísifingri vinstri handar. Kvartanir sjúklings eru nokkuð neurasteniskar, og gæti það bent til þess, að hann hefði fengið traumatiska neurosu eftir slysið.

Mér finnst eðlilegast að álíta, að einkenni sjúklings stafi af hinni traumatisku neurosu svo og æðaveggsbreytingum þeim, sem prófessor Jóhann Sæmundsson getur um í sínu vottorði (marz 1955).

Viðvíkjandi starfsgetu sjúklings vil ég benda á, að ástand hans er nú sízt betra en segir í vottorði prófessors Jóhanns Sæmundssonar (1955)“.

Þá hefur Bergþór læknir Smári að nýju skoðað aðaláfrýjanda hinn 29. nóvember 1960. Í vottorði hans, dags. 30. sama mánaðar, segir:

„Kvartanir slasaða eru þær sömu og áður, og skoðun leiðir ekki neitt sérstakt nýtt í ljós. Mér virðist einsætt, að örorkumat það, er ég framkvæmdi á Þórði 14. des. 1957, eigi að standa óbreytt, þ. e. a. s. varanleg örorka 30%, er skiptist þannig: Traumatisk neurosa 15% og sköddun á blóðrás 15%“.

Eins og í héraðsdómi greinir, gerði skipshöfn v/s Odds enga tilraun til að flytja v/b Orra að bryggju og festa hann þar, þegar v/s Oddur fór frá bryggjunni. Samkvæmt því og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á það álit héraðsdómenda, að skipshöfn v/s Odds hafi með óhæfilegu skeytingarleysi átt þátt í óförum v/b Orra og þar með áfalli því, er aðaláfrýjandi varð fyrir. Hins vegar ber á það að líta, að skipshöfn v/b Orra sýndi einnig hirðuleysi um gæzlu bátsins, og sérstaklega má meta aðaláfrýjanda það til óvarkárni, að hann svaraði ekki, þegar skipverji af v/s Oddi fór yfir í v/b Orra og kallaði niður í hásetaklefan, hvort þar væri nokkur. Telst hæfilegt eftir málavöxtum, að gagnáfrýjendur bæti aðaláfrýjanda tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Tjón aðaláfrýjanda sökum atvinnumissis og örorku, eftir að bætur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 41.893.06, hafa verið frá dregnar, þykir hæfilega metið kr. 70.000.00. Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um þjáningabætur, kr.

35.000.00. Verður gagnáfrýjendum því dæmt að greiða in solidum aðaláfrýjanda $\frac{2}{3}$ hluta af kr. 105.000.00, þ. e. kr. 70.000.00. Aðaláfrýjandi hefur krafizt 6% ársvaxta af þjáningabótum frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og svo vaxta af allri dæmdri fjárhæð frá þeim degi, eins og í aðalkröfu hans segir. Samkvæmt framansögðu eru honum dæmdar í þjáningabætur $\frac{2}{3}$ hlutar af kr. 35.000.00, þ. e. kr. 23.333.33, og ber að dæma honum 6% ársvexti af þeirri fjárhæð tímabilið frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955. Að öðru leyti má dæma honum vexti af allri hinni dæmdu fjárhæð, kr. 70.000.00, samkvæmt aðalkröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjendum að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00. Af þeim hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 17.000.00, en ríkissjóður kr. 8000.00 upp í dómgjöld og annan kostnað af málssókninni.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Þórði Halldórssyni, kr. 70.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 23.333.33 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955, 6% ársvöxtum af kr. 70.000.00 frá 25. apríl 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 22. febrúar 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00. Af þeim hljóti talsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, kr. 17.000.00 og ríkissjóður kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Skipstjórnarmenn v/b Orra bundu bát sinn utan á v/b Odd. Þar sem veðurútlit gerðist iskyggilegt, bar þeim að hafa viðbúnað í v/b Orra til að losa hann frá v/s Oddi, ef þörf krefði, og bjarga honum á sjálfs sín vélarafli, en þetta vanræktu þeir. Skipstjórnarmenn á v/s Oddi voru betur á verði um sitt skip og hófust handa um að færa hann frá bryggjunni, þá er landfestar hans tóku að slitna. Þar sem v/b Orra var eigi gætt sem vera bar, hefði skipstjóri v/s Odds átt að reyna að losa v/b Orra frá v/s Oddi, áður en v/s Oddi var siglt frá bryggjunni. Þeir á v/s Oddi urðu eigi manna varir á v/b Orra, er haldið var frá bryggjunni, og eigi var svarað kalli frá v/s Oddi yfir á v/b Orra. Allt að einu hefði skipstjóri v/s Odds átt að láta aðgæta, eftir því sem kostur var, hvort nokkur maður væri neðan þilja í v/b Orra. En hér er rétt að geta þess, að aðaláfrýjandi kveðst hafa „getað átt þess kost“ að bjarga sér upp í v/s Odd, en hafi eigi viljað neyta þess færís. Aðaláfrýjandi hafði verið sendur til gæzlu í v/b Orra. Skipsfélagi hans, sem í land var farinn, hafði tjáð honum, að til staði að flytja v/s Odd frá bryggjunni. Fárviðri var að skella á. Aðaláfrýjandi hófst eigi þegar handa að setja vél v/b Orra í gang, þótt hann kynni að sjálfs sín sögn á hana. Hann svaraði eigi kallinu frá v/s Oddi, heldur hélt sig án teljandi aðgerða neðan þilja í v/s Orra, meðan v/s Oddur var leystur og færður frá bryggju. Með tilvísan til þess, sem nú var rakið, eru alls eigi rök fyrir hendi til að leggja nema helming fébótaábyrgðar af slysi aðaláfrýjanda á gagnáfrýjendur. Þykir því mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að skipta ábyrgð til helminga.

Læknir telur orkumissi aðaláfrýjanda 30%.

Rétt þykir að reikna nú óbætt tjón aðaláfrýjanda þannig:

- | | |
|---------------------|---------------|
| 1. Vegna orkumissis | kr. 70.000.00 |
| 2. Vegna þjáninga | — 35.000.00 |

Alls kr. 105.000.00

Ber að dæma gagnáfrýjendur til að greiða in solidum helm-

ing þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 52.500.00. Aðaláfrýjandi hefur krafizt 6% ársvaxta af þjáningabótum frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og svo vaxta af allri dæmdri fjárhæð frá þeim degi, eins og í aðalkröfu hans segir. Samkvæmt framansögðu er honum dæmdur í þjáningabætur helmingur af kr. 35.000.00, þ. e. kr. 17.500.00, og ber að dæma honum 6% ársvexti af þeirri fjárhæð tímabilið frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955. Að öðru leyti má dæma honum vexti af allri hinni dæmdu fjárhæð, kr. 52.500.00, samkvæmt aðalkröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjendum að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 17.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Gagnáfrýjendur, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Þórði Halldórsyni, kr. 52.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 17.500.00 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955, 6% ársvöxtum af kr. 52.500.00 frá 25. apríl 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 22. febrúar 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. september 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Þórður Halldórsson sjómaður, Dagverðará, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 19. janúar 1956, gegn Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, hér í borg, og Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum, að fjárhæð kr. 242.086.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Oddi, VE 353,

til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Eftir höfðun málsins veitti dómismálaráðherra stefnanda gjafsókn, en stefnandi krefst eftir sem áður málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Við munnlegan flutning málsins hinn 13. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 215.650.94, en hélt kröfunni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara mjög mikillar lækkunar á fjárhæð þeirri, sem krafizt er, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f, hér í borg, er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru þó ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 30. janúar 1954, um kl. 1830, kom v/b Orri, SH 95, 29 rúmlestir brúttó að stærð, til Ólafsvíkur úr róðri, og var bátnum lagt fyrir þveran enda norðurbryggjunnar. Lá báturinn þar um kyrrt, meðan dagsafllinn var settur á land, svo og lína sú, er notuð hafði verið í róðrinum, og að því loknu látin í bátinn sú lína, er beitt hafði verið í landi og nota skyldi í næsta róður, er farið yrði í þá um kvöldið. Meðal skipverja á bátnum var stefnandi máls þessa. Um kl. 2200 færðu skipstjóri og menn hans bátinn og lögðu honum utan á bakborðshlið v/s Odds, VE 353, sem lá einnig við norðurbryggjuna, þannig að stefni vissi inn í höfnina, en skutur nam við bryggjusporð. Orra var lagt þannig, að stefni beggja skipa vissu í sömu átt. Að framan var Orri festur með nýrri 2" vírmanillu, sem vafið var 5—6 sinnum um polla og lokað með hálfstikki. Frá pollanum lá vír þessi um stjórnborðsframkefa Orra og bakborðskefa á hvalbak Odds í járnpolla á Oddi. Var vírnum brugðið nokkrum sinnum um pollann og læst með hálfstikki, en lausi endinn bundinn með snæri. Skipin voru einnig bundin saman að framan með 4" grastói, og var það þverband fest í aðra polla á skipinu. Að aftan voru skipin fest saman með nýrri 2" vírmanillu, sem brugðið var nokkrum sinnum um krussholtið á hvoru skipi um sig og læst með hálfstikki. Á hinn bóginn mun engin festing hafa verið frá Orra í bryggjuna. Enginn slaki var á böndum þeim, sem tengdu skipin. Um kl. 2200, er skipverjar á Orra höfðu lokið við að binda skipið, fóru þeir í land til þess að matast, en skipstjóri lagði fyrir tvo þeirra að fara um borð aftur, er þeir hefðu lokið borðhaldi. Oddur hafði legið við bryggjuna síðan kl. um 1000 um morguninn, og hafði verið unnið að því allan daginn

og kvöldið að losa úr honum salt. Veður hafði verið gott allt fram til um kl. 2230, en þá tók veður að versna, og var veðurspá um, að fljótlega færi veður versnandi. Einn af eigendum Orra, Víglundur Jónsson, sá um losun saltsins úr Oddi. Skýrir hann svo frá, að um kl. 2230, er veður fór versnandi, hafi hann átt tal við skipstjórann á Oddi, stefnda Guðmund, og tjáð honum, að brátt myndi hætt affermingu skipsins vegna veðurútlitsins svo og að rétt væri, að stefndi Guðmundur flytti skip sitt frá bryggju, er vinnu yrði hætt, því að óveður gæti snögglega skolið á. Þessu hafi stefndi Guðmundur engu sinnt, en gengið til hvílu og haft orð á því um leið, hvort ekki væri hægt að ljúka losun þá um nóttina. Um kl. 2330 kveðst Víglundur hafa tilkynnt stýrimanni á Oddi, að hann myndi láta hætta affermingu skipsins kl. 2400 og kveðst jafnframt hafa tjáð honum, að hann myndi sjá um, að sent yrði eftir vélstjóra Orra og að báturinn yrði færður frá Oddi, áður en Oddi yrði siglt frá bryggju. Hafi stýrimaður svarað því til, að hann myndi flytja stefnda Guðmundi þessi skilaboð. Hvorki stefndi Guðmundur né stýrimaður á Oddi vefengja þessa frásögn Víglundar Jónssonar. Á hinn bóginn staðhæfir stefndi Guðmundur, að hann hafi í áðurgreindu samtali við Víglund tjáð honum, að flytja yrði Orra utan af Oddi, og síðar um kvöldið hafi hann áminnt stýrimann sinn um að sjá til þess, að þetta yrði gert. Stýrimaðurinn, Ólafur Haraldur Stefánsson, staðhæfir og, að hann hafi í áðurgreindu samtali sínu við Víglund Jónsson skorað á hann að láta flytja Orra þegar í stað utan af Oddi. Hafi Víglundur svarað því til, að sjálfsagt væri, að þetta yrði gert, og farið við svo búíð upp á bryggju. Kveðst stýrimaður þá hafa talið, að ætlun hans væri að sækja áhöfn Orra. Víglundur Jónsson fullyrðir aftur á móti, að ekki hafi verið á það minnzt í áðurgreindum samtölum hans við skipstjóra og stýrimann Odds, að flytja yrði Orra utan af Oddi. Fáum mínútum eftir að umrætt samtal Víglundar Jónssonar og Ólafs stýrimanns á Oddi átti sér stað, skall á afspyrnuveður af suðaustri, og var vindhraðinn á að gizka 10—12 stig.

Oddur var bundinn við bryggjuna með vír að framan og vír að aftan og einnig með „spring“ bæði að framan og aftan. Þegar ofviðrið skall á, slitnaði springurinn að framan og einnig afturvírinn, en af því hvoru tveggja hlaut það, að skipið rann áfram inn með bryggjunni á báta, er lágu fyrir innan, unz afturspringurinn verkaði sem afturvír, og hékk skipið í hon-

um, þar til því var siglt aftur á bak út með bryggjunni og framvíninn var færður fram á enda hennar. Áður en þetta gerðist, höfðu skipverjarnir tveir, er gæta skyldu Orra, komið til skips, en það voru stefnandi og maður að nafni Guðmundur Guðmundsson. Er sá síðarnefndi kom niður á bryggjuna, varð hann þess var, að skipverjar á Oddi voru að búa sig undir að flytja skipið frá bryggju. Ákvað hann því að snúa við og sækja vélstjóran á Orra. Áður fór hann þó yfir Odd og um borð í Orra og niður í hásetaklefan. Þar var stefnandi fyrir, og tjáði Guðmundur honum, að til stæði að fara með Odd frá bryggjunni. Að því búnu fór Guðmundur aftur í land án þess að eiga tal við skipverja á Oddi. Vinnuljós voru þá á þilfari Odds, lestarlúgan ólæst og eitthvað af verkamönnum úr landi niðri í lestinni. Stefndi Guðmundur kveðst hafa kallað til ónafngreinds skipverja á Orra, er verið hafi að fara í land úr bátnum um það leyti, er Oddur var að fara frá bryggjunni, og bent honum á, að nauðsynlegt væri, að Orrri yrði færður, en hann hafi ekki sinnt kallinu. Jafnframt tekur stefndi Guðmundur það fram, að ekki sé víst, að bátverji þessi hafi heyrt kallið vegna veðurofsans. Þegar Guðmundur Guðmundsson var nýfarinn í land, heyrði stefnandi, að kallað var um borð í Orra: „Er nokkur hér?“ Kveðst hann hafa skilið kall þetta svo, að þar væru á ferð skipsfélagar hans á leið um borð í bátinn. Hafi hann ekki kallað á móti, þar sem hann hafi talið það þýðingarlaust vegna veðurofsans, enda hafi hann engan mann séð á þilfari Orra, er hann leit upp í lúkar-kappann. Hann hafi þá um leið litið til festa bátsins og séð, að þær voru í lagi. Við svo búið hafi hann farið aftur niður í lúkarinn til þess að sækja sér hlífðarföt. En er hann kom að því loknu upp á þilfar, hafi Oddur verið laus frá bryggjunni og í þann veginn að sleppa við bryggjuendann. Kveðst stefnandi hafa hinkrað við stundarkorn til þess að ganga úr skugga um, hvort Oddsmenn hygðust ekki festa dráttartaug í Orra, en af því varð ekki, og var ekkert sinnt um Orra. Stefndi Guðmundur kveður skipverjum á Oddi hafa verið ókunnugt um, að maður var um borð í Orra, því að ella hefði hann verið látinn vita, þegar er Oddi var siglt frá bryggjunni. Maður sá, er kallað hafði um borð í Orra og spurt, hvort þar væri nokkur, reyndist vera matsveinninn á Oddi. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi kallað þetta niður um lúkarsgatið, en eigi hafi verið tími til þess að fara niður í lúkarinn, þar eð landfestar Odds hafi þá þegar verið teknar að slitna. Kveður maður þessi ætlunina hafa

verið að aðstoða skipverja á Orra við að leysa bátinn frá Oddi, ef einhverjir þeirra væru um borð í bátnum. Stefnði Guðmundur og stýrimaður hans hafa báðir borið, að skipverjar á Oddi hafi allir verið önnum kafnir við að bjarga skipinu frá bryggjunni. Var skipinu fyrst siglt aftur á bak um stund, en síðan með fullri ferð áfram, til þess að koma því út á víkina utan við höfnina. Mun skipið hafa tekið einu sinni niðri, meðan á þessu stóð, án þess kæmi að sök. Að öðru leyti komst skipið klakklaust út á víkina, en þar var svo látið reka það, sem eftir var nætur.

Stuttu eftir að Oddur var kominn frá bryggjunni, losnaði Orri frá honum. Er svo að sjá, að afturfesting bátsins hafi slitnað og enn fremur grastóið, sem hann var festur með að framan. Aftur á móti kveðst einn skipverja á Oddi hafa leyst vírmanilluna, sem Orri var bundinn með að framan, eins og áður var lýst. Kemur það heim við skýrslu stefnanda, er kveður vírmanilluna hafa verið heila, en grastóið slitið, er hann dró festarnar um borð í Orra, skömmu eftir að skildi með skipunum. Kveðst stefndi Guðmundur ekki treysta sér til að vefengja, að umrædd festing hafi verið leyst. Er stefnandi sá fram á, að eigi væri að vænta liðsinnis skipverja Odds til bjargar Orra, fór hann niður í vélarrúm og hugðist freista þess að koma vél bátsins í gang. Meðan á undirbúningi þess stóð, rak Orra undan veðrinu, unz báturinn tók niðri að skömmum tíma liðnum á skeri, sem er rétt norðan hafnargarðsins. Stóð báturinn þar nokkra stund, og brotnaði gat á hann. Aðfall var, og lyfti það bátnum af skerinu, og nokkru síðar sökk hann, þannig að einungis stóðu upp úr sjó blátoppar siglutrjáanna. Eftir að báturinn var strandaður á skerinu og tekinn að fyllast af sjó, skar stefnandi stjórafæri frá ljósbauju, sem bundin var við vantinn, og batt það ræki-lega um mitti sér. Kleif hann að því búnu upp í framsigluna, en á meðan reið yfir hann ólag, svo að hann missti handfestuna, en tókst um leið að grípa í spotta, sem hékk niður úr blökk í siglutrénu, og komst að því aftur. Var nú báturinn sokkinn, og sjór náði hér um bil upp að blökkum í siglutrénu. Stefnanda tókst að komast með bringuna upp fyrir blakkirnar og gat vafið enda af bandinu, er hann hafði bundið um sig miðjan, tvo hringi utan um siglutréd. Batt hann síðan þann enda bandsins við hinn lausa enda þess. Var stefnandi orðinn örmagna, er hér var komið, enda fór siglutréd í kaf í ólögnum, og blakkirnar lömdust við bringu hans.

Víkur nú frásögninni til lands. Í þann mund, sem óveðrið var skolið á, kom Víglundur Jónsson, er áður var nefndur, niður á bryggju, en þá rétt áður hafði hann sent mann heim til vélstjórans á Orra með boð um, að færa þyrfti bátinn utan af Oddi. Er Víglundur kom niður á bryggjuna, voru skipin komin rétt austur fyrir norðurgarð hafnarinnar, en vegna særöks varð hvorki greint af bryggjunni, hvort skipin voru þá enn bundin saman eða sneru til sömu áttar. Hófst Víglundur þegar handa um undirbúning að björgun Orra og stefnanda, sem hann vissi, að var um borð í bátnum. Fór hann niður í vélarrúm v/b Fróða, sem lá þarna við bryggjuna, og ræsti vél hans, til þess að báturinn yrði til taks í björgunarleiðangur. Er hann kom upp á þiljur bátsins að því loknu, var þar kominn skipstjóri bátsins, einn af hásetum hans og vélstjóri af Orra. Var tafarlaust haldið frá bryggju í leit að Orra. Haldið var vestur með landi og allt vestur að Rifi, en þá var bátverjum tjáð frá öðru skipi, að Orri myndi strandaður á fyrrgreindu skeri, því að þaðan sæjust ljós. Var Fróða þegar siglt þangað, og með því að beita leitarljósum greindu bátverjar siglutoppa Orra, er einir voru upp úr sjó. Jafnframt greindu þeir stefnanda í fremra siglutrénu. Var nú Fróða siglt á milli siglutoppanna á Orra, til þess að stefnanda yrði náð úr siglutrénu, en hann reyndist þá vera bundinn fastur við það. Var hann í sjó upp undir hendur og virtist mjög rænuhlítt. Þar sem ógjörningur var að halda Fróða við siglutréd vegna storms og sjógangs, var gerð tilraun til að henda færi til stefnanda, og flæktist það utan um hann. Toguðu þeir menn í færið um stund, unz þar kom, að stefnandi losnaði frá siglutrénu. Var hann tekinn um borð í Fróða og var þá meðvitundarlaus. Var þegar haldið til lands og komið þangað kl. 0230 um nóttina. Samkvæmt því hefur stefnandi átt í þessum hrakningum um 3 klukkustundir, og mun veður hafa haldizt óbreytt þann tíma.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að skipstjórnarmenn á v/s Oddi hafi átt alla sök á því, að v/b Orri fórst, og þar með hrakningum þeim, er hann sjálfur lenti í við það tækifæri. Telur hann, að þeir hefðu ekki átt að sigla Oddi frá bryggju með Orra bundinn utan á sér, og enn fremur, að þeir hefðu getað bjargað Orra með því að kasta yfir í hann dráttartaug. Í stað þessa, hafi þeir yfirgefið stefnanda í bersýnilegum lífsháska, er þeir hafi sjálfir komið honum í. Við munnlegan flutning málsins hreyfði lögmaður stefnanda því einnig, að skips-

höfn Odds í umrætt sinn hafi verið of fámenn, og hafi það átt sinn þátt í því, að engar ráðstafanir voru gerðar til bjargar Orra.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að skipverjum á v/s Oddi verði engin sök gefin á afdrifum v/b Orra. Óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að Oddur slitnaði frá bryggju og Orri síðan utan af honum. Á hinn bóginn hefði aldrei til umræddra hrakninga stefnanda komið, ef áhöfn Orra hefði sinnt aðvörun skipstjórnarmanna á Oddi að fjarlægja Orra nægilega tímanlega. Þá telja stefndu og, að stefnandi eigi að verulegu leyti við sjálfan sig að sakast, hvornig til tókst, þar sem hann hafi gersamlega vanrækt að gera nokkrar ráðstafanir til að bjarga sér og bátnum, hvorki áður né eftir að í óefni var komið.

V/s Oddur er 245 brúttó rúmlestir að stærð, og leitt er í ljós, að áhöfn skipsins í umræddri ferð þess voru 6 menn: skipstjóri, stýrimaður, tveir vélstjórar, matsveinn og háseti. Þetta er að vísu of fámenn áhöfn á svo stóru skipi, og eigi ósennilegt, að torveldað hafi skipverjum framkvæmdir til björgunar Orra. En allt um það brestur sönnur fyrir því gegn mótmælum stefndu, að afdrif Orra verði til þessa rakin.

Það er álit hinna siglingafróðu manna, sem dóminn skipa, að ekki hafi verið unnt að halda v/s Oddi við bryggjuna lengur en gert var, eftir að slitnað höfðu þær landfestar, sem fyrr var greint (afturvír og framspringur). Er þess að gæta, að jafnvel þótt svo ólíklega hefði farið, að hinar tvær festarnar (framvír og afturspringur) hefðu ekki slitnað, voru mjög miklar líkur til þess, að festingarnar um borð í skipinu hefðu bilað, er svo mjög reyndi á þær. Verður því að telja viðbrögð skipstjórans á Oddi rétt og eðlileg, eins og á stóð, er hann sigldi skipi sínu aftur á bak. Hins vegar er það og álit hinna siglingafróðu dómenda, að skipstjórinn á Oddi hefði átt að gera tilraun til að losa Orra af síðunni, áður en hann fór alveg frá bryggjunni. Hefði þetta átt að vera fært með því, að vél Odds yrði látin ganga aftur á bak með hæfilegu afli, áður en framvírinn var færður, til þess að sem jafnast yrði átakið á báðar landfestar, meðan tilraunin væri gerð. Nægur mannafli virðist hafa verið fyrir í landi til að taka á móti Orra, eftir að tekizt hefði að losa hann frá Oddi, og hefði eitthvað bilað, meðan tilraun þessi færi fram, hefði þegar mátt sigla Oddi aftur á bak út úr höfninni, eins og gert var. Þá var það vanræksla, sem meta verður stefnda Guðmundi til gáleysis, að ekki var sendur maður niður í lúkar á Orra, áður en Oddi var siglt frá bryggju, til þess að gengið

yrði úr skugga um, hvort þar væri nokkur maður. Var það sjálf-sögð öryggisráðstöfun, og er ekki sýnt fram á, að til þess hafi ekki gefizt tími.

Þegar framangreind atriði eru virt, er ljóst, að skipverjar Odds hafa sýnt óhæfilegt skeytingarleysi um afdrif Orra og þar með um velferð þess eða þeirra, sem hugsagt gat, að væru um borð í bátnum. Verður því að leggja á stefndu, sem voru eigendur og útgerðarmenn skipsins, fébótaábyrgð að nokkrum hluta á því tjóni, er stefnandi beið af þessum mistökum.

Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að stefnandi var einn af áhöfn Orra, hafði verið sendur gagngert niður í bátinn til að gæta hans og var fullkunnugt um, að hann var bundinn utan á Odd, þá verður að telja, að hann hafi sýnt ámælisvert tómlæti um öryggi sitt og bátsins með því að halda kyrru fyrir neðan þilja, unz í fullt óefni var komið. Gat þó ekki hjá því farið, að hann yrði þess var, að óveður var skollið á, en auk þess hafði skipsfélagi hans tjáð honum, að til stæði að fara með Odd frá bryggjunni, og kallað hafði verið um borð, hvort þar væri nokkur maður, en allt gaf þetta stefnanda ærið tilefni til að fylgjast með, hverju fram færi ofan þilja. Verður stefnandi vegna þessarar augljósu vanrækslu að bera tjón sitt að nokkru sjálfur.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt að skipta tjóni stefnanda þannig, að stefndu bæti honum in solidum helming þess.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 207.544.00
2. Þjáningar	— 50.000.00
	<hr/>
	Kr. 257.544.00

Frá dragast bætur, er stefnandi hefur fengið frá

Tryggingastofnun ríkisins, dagpeningar, kr.

8.807.06, og örorkubætur, kr. 33.086.00

kr. 41.893.06

Kr. 215.650.94

Um 1.

Að lokinni þjörgun stefnanda, var hann fluttur heim til formannsins á v/b Fróða, þar sem hann lá rúmfastur upp undir hálfan mánuð. Kvaðst hann ekkert hafa getað sofið fyrstu tvo sólarhringana vegna verkja, en auk þess hafi náladofi valdið honum miklum þjáningum. Eftir mánaðardvöl í Ólafsvík fór stefnandi heim til sín að Dagverðará. Kveðst hann hafa verið

við rúmið í nokkra daga, eftir að hann kom þangað. Í apríl 1954 leitaði stefnandi til Jóhanns Sæmundssonar prófessors, og liggur fyrir í málinu mjög ýtarleg greinargerð hans um sjúkrasögu stefnanda, dags. 24. marz 1955. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... Aðalkvörtun hans (þ. e. stefnanda) síðan slysið varð og allt til þessa dags er, hve mikill kuldi sækir á fæturna. Auk þessa verkir í kálfum eftir gang eða nokkra áreynslu að ráði. Svipuð einkenni hafa sótt á hendur og handleggi. Hann kveðst ekki finna, þegar honum kólnar á fótum, því að fæturnir dofni. Er þeir hitni aftur, fá hann kvalir í þá. Hann kveðst þola illa allan kulda, vosbúð og þleytu. Hann kveðst þó hafa þolað þurrafrost nú í vetur með því að nota hnéháa sokka úr tófuskinni...

Við almenna rannsókn á Þórði hef ég aldrei fundið mikið athugavert. En ég hef litið svo á, að einkennin, sem hann kvartar um, stöfuðu af slysinu. Hygg ég, að líkindi séu til, að hið langa volk, þar sem hann var sjóblautur uppundir 3 klukkutíma og mest af þeim tíma í kafi í sjó upp undir hendur, bundinn við mastur hins sokkna skips, en sjálfsagt allur í kafi, er ólög skullu yfir annað veifið, hafi orðið til þess að skadda blóðrásina, einkum um fætur og hendur. Slík sköddun er aðallega fólgin í truflun á stjórn blóðsóknarinnar til útlimanna, fyrst og fremst ganglimanna, og gætir hennar fyrst og fremst við áreynslu, við kulda- og þleytu-áhrif. En þegar ekkert sérstaklega reynir á, getur allt sýnt vera með felldu, og því litið sem ekkert að finna athugavert við almenna læknisskoðun. Hér er því einungis ályktað út frá líkum og byggt á því, að kvartanir mannsins falla nákvæmlega saman við það, sem maður gæti búizt við, ef þessu væri þannig farið....

Ég tel mjög ólíklegt, að Þórður Halldórsson geti stundað sjómennsku framvegis, en mundi telja hann hafa misst $\frac{1}{3}$ starfsorku sinnar til landvinnu almennt.“

Hinn 25. apríl 1955 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, og mat lækni-rinn við það tækifæri örorku stefnanda af völdum umræddra hrakninga. Í vottorði læknisins, sem dagsett er 26. apríl 1955, segir m. a.:

„... Skoðun 25. apríl 1955: Við almenna skoðun finnst ekkert sérstakt athugavert. Hlustun á hjarta og lungum eðlileg.... Blóðþrýstingur eðlilegur.... Útlimir: Hreyfingar eðlilegar. Kraftur virðist jafn og góður. Engin vöðvarýrnun finnanleg. Hendur og fætur eðlileg að lit og eðlilega heit. Góð pulsation í art. dors. pedis báðum megin. Sinaviðbrögð eðlileg. Nokkur titringur er á hægri hendi, er hann reynir á sig.

Niðurstaða: Nærri liggur að ætla, að blóðrásartruflanir valdi miklu um óþægindi slasaða, þótt ekki sé hægt að sjá objektiv einkenni þess, og sé slysið orsök þessa.

Ekki þykir mega búast við neinum verulegum bata úr þessu, og því tímabært að meta varanlega örorku hans.

Telst hún hæfilega áætluð: 35%.

Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar prófessors, dags. 2. júní 1954, segir, að stefnandi sé þá enn óvinnufær.

Í vottorði Arngríms Björnssonar, héraðslæknis í Ólafsvík, dags. 27. september 1954, segir á þá leið um heilsufar stefnanda, að hann sé haldinn mjög miklu máttleysi í öllum líkamnum við gang upp í móti og meiri háttar átök. Þá segir í vottorðinu, að stefnandi sé enn ófær til erfiðisvinnu.

Kjartan R. Guðmundsson læknir hefur gefið vottorð um heilsufar stefnanda. Er það dags. 7. desember 1957. Í vottorði þessu kveðst læknirinn hafa rannsakað stefnanda hinn 3. og 5. þess sama mánaðar. Segir m. a. á þessa leið í vottorðinu:

„... Kvartanir hans (stefnanda) eru:

1) Máttleysi í fótum, ef hann gengur nokkuð að ráði, og verkir í kálfum, einkum h. m.

2) Verkir í h. öxl, einkum við áreynslu, og kraftleysi í h. handlegg, sem og h. fæti.

3) Ef úti í kulda, finnur hann ekki til kuldans, en fær fyrir brjóstið, verður þungt um andardrátt, og það dregur úr honum allan mátt. Þetta er sama tilfinningin, sem greip hann, er hann var að sökkva í stýrishúsinu, áður en hann komst upp í mastrið. Þessi óþægindi fær hann og stundum, þótt ekki sé kalt, einkum ef hann er á sjó.

4) Þreytist mjög við alla vinnu, einkum í h. hendi og fæti, og hann fær verkj í axlir og mest hægri.

Hann segist ekki vera slæmur á taugum, sefur vel og hefur engin hjartaóþægindi . . .

Álit: Hin obj. einkenni sjúklings benda ekki á vefrænan taugasjúkdóm, nema ef til vill eitthvað af húðskynsbreytingum á fótum. Einkenni sjúklings fyrst eftir volkið benda nokkuð á, að hann hafi fengið svokallaðan „immersions“ fót, sem kemur af langri verkun vatns og kulda. Taugar sjúklings virðast annars hafa bilað við hina miklu þrekaun, og það er líka traumatísk neurósa með í spilinu.“

Hinn 12. desember 1957 framkvæmdi Bergþór læknir Smári að nýju læknisskoðun á stefnanda. Í vottorði um skoðun þessa,

dags. 14. s. m., kveðst læk'nirinn telja rétt að lækka matið á örorku stefnanda niður í 30% örorku.

Eftir því, sem fram kemur í læk'nisvottorðum, sem lögð hafa verið fram í málinu, er stefnandi fæddur 25. nóvember 1905. Hefur hann því verið 48 ára gamall, er hann lenti í umræddum hrakningum. Í einu læk'nisvottorðinu er þess getið, að stefnandi sé ókvæntur lausamaður.

Hinn 3. marz 1959 gerði Árnj Björnsson tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda, miðað við 100% örorku frá slysdegi til 27. september 1954, 65% örorku frá þeim degi til 25. apríl 1955, er varanleg örorka var metin, og 30% örorku eftir það til frambúðar. Útreikningurinn er tvíþættur. Er hann annars vegar byggður á áætluðum meðaltekjum sjómanna í Ólafsvík á árunum 1954 og 1955, kr. 43.179.00 hvort ár, en hins vegar á tekjum samkvæmt kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar af 8 stunda dagvinnu og 50 vinnuvikum á ári ásamt orlofsfé. Í fyrra tilvikinu reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti atvinnutjónsins nemji kr. 44.420.00 frá slysdegi til 25. apríl 1955, en kr. 139.022.00 eftir það til frambúðar, eða alls kr. 183.442.00. Í síðara tilvikinu er atvinnutjónið reiknað í einu lagi frá slysdegi og telst nema alls kr. 163.124.00.

Í báðum tilvikum er byggt á hÉrlendri reynslu af manndauða frá árunum 1941—1950 og reiknað með 6% vöxtum p. a.

Stefnandi leggur saman fyrstgreindu og síðastgreindu tölurnar og fær þannig fram þá fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Eins og fram kemur í forsendum útreikningsins, er þar um hreina áætlun að ræða á atvinnutjóni stefnanda, er eigi styðst að neinu leyti við atvinnutekjur hans fyrir slysið. Lágu og eigi fyrir í málinu neinar upplýsingar um þær. Af þessum ástæðum og vegna eindreginna mótmæla stefndu gegn réttmæti þessa útreiknings var kveðinn upp í málinu úrskurður hinn 27. júní s.l., þar sem veittur var kostur á öflun gagna um hagi stefnanda. Liggja nú fyrir í málinu þau gögn, sem fáanleg eru um það efni.

Samkvæmt bréfi Ríkisskattaneftndar, dags. 4. janúar 1955, og hreppstjóra Breiðavíkurbrepps á Snæfellsnesi, dags. 17. nóvember 1957, hafa áætlaðar og framtaldar atvinnutekjur stefnanda verið sem hér segir á árunum 1949—1955: Árið 1949 kr. 6000.00 (áætlað), árið 1950 kr. 14.000.00 (áætlað), árið 1951 kr. 14.000.00 (áætlað), árið 1952 kr. 10.000.00 (áætlað), árið 1953 kr. 21.640.00 (framtalið) og árið 1954 kr. 6.000.00, áætlað.

Hinn 24. ágúst 1959 gerði Árnj Björnsson tryggingafræðingur

nýjan útreikning á áætluðu atvinnutjóni stefnanda. Er útreikningur þessi annars vegar byggður á framtöldum atvinnutekjum stefnanda árið 1953, en hins vegar á meðaltali þeirra tekna og áætlaðra atvinnutekna hans árin 1950—1953. Miðað er við sömu örorku og í fyrra útreikningi. Niðurstaða þessa nýja útreiknings um áætlað atvinnutjón stefnanda verður sú, að í fyrra tilvikinu nemi það kr. 53.834.20 frá slysdegi til 30. janúar 1959 og kr. 82.044.13 frá þeim tíma til frambúðar, eða alls kr. 135.878.35, en í síðara tilvikinu kr. 44.222.07 frá slysdegi til 30. janúar 1959 og kr. 67.884.94 til frambúðar, eða alls kr. 111.512.04.

Eins og í fyrra útreikningi er reiknað með 6% ársvöxtum og miðað við reynslu af langlífi íslenskra karla frá tímabilinu 1941—1951.

Eftir atvikum þykir rétt, að þessi kröfuliður verði tekinn til greina með kr. 60.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, kr. 41.893.06.

Um 2.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem fjarstæðu.

Þegar virtir eru hrakningar þeir, er stefnandi lenti í, og afleiðingar þeirra fyrir heilbrigði hans samkvæmt því, er greinir í læknisvottorðunum hér að framan, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 35.000.00.

Tjón stefnanda telst þá nema alls kr. 95.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða in solidum helming þess eða kr. 47.500.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 6.275.00 í málskostnað. Þar af hljóti stefnandi kr. 1275.00 fyrir útlagðan kostnað af málinu, en skipaður málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., kr. 5000.00 í málflutningslaun. Jafnframt ákveðast honum málflutningslaun úr ríkissjóði, kr. 5000.00.

Taka þer til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti hans í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum, sbr. 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum stefnanda, Þórði Halldórssyni, kr. 47.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 6275.00 í málskostnað. Þar af hljóti stefnandi kr. 1275.00, en skipaður málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., kr. 5000.00 í málflutningslaun. Jafnframt hljóti hann kr. 5000.00 í málflutningslaun úr ríkissjóði.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1961.

Nr. 115/1959. **Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna**
Sveinbjörnssonar (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Hilmari Erni Gunnarssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1959 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.